



### **Aðalfundur FFM haldinn 13. September kl.18 á sal skólans**

Mættir eru: Hjörleifur Hannesson formaður, Karólína Óskarsdóttir meðstjórnandi, Jurgita Milleriene meðstjórnandi, Gunnhildur Þórðardóttir ritari, Katrín Marsí Aradóttir, María Hauksdóttir, Lára Björg Grétarsdóttir, Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Þórður Siguræl Arnfinnsson, Bryndís Guðmundsdóttir skólastjóri, Ísak Þór Ragnarsson og Anita Arnarsdóttir. Gjaldkeri félagsins gat ekki mætt og bar fyrir kveðjum.

#### **Dagskrá**

#### **Fundur settur kl.18.06**

- 1. Kynning á starfsemi vetrarins.** Formaður bauð alla velkomna en sagði frá að aðalfundur væri yfirleitt haldinn á vorin en breytt var út frá þeirri venju og fundinn haldinn að hausti til vegna mætingar og auk þess sem foreldrar 1 bekkinga eru komnir í félagið. Formaður sagði frá dagskrá fundarins. Ritari fór yfir starfsemi foreldrafélagsins skólaárið 2016-2017. Formaður ræddi um FFGÍR og starfsemi foreldrafélaganna í Reykjanesbær.
- 2. Ársreikningur FFM.** Farið var yfir ársreikninga félagsins, þeir bornir undir kosningu og voru þeir samþykktir.
- 3. Kosning stjórnar.** Engin breyting er á stjórn en í henni sitja 5 en eiga samkvæmt lögum félagsins að vera 7. Fundurinn samþykkir áframhaldandi stjórn.
- 4. Félagsgjöld fyrir næsta skólaár.** Félagsgjöld eru 1750 kr og fundurinn samþykkti að halda því óbreyttu.
- 5. Breytingar á lögum FFM.** Formaður renndi í gegnum lög FFM og rætt var um að hafa talsmann allra stiga í foreldrafélaginu. Rætt var um að hafa varamenn. Fundurinn samþykkir að Ísak Þór Ragnarson, Anita Arnarsdóttir og Katrín Marsí Aradóttur sem varamenn. Stjórn vill gera breytingartillögu um 7 grein – breyta því að aðalfundur verði haldinn að hausti í stað vors. Fundurinn samþykkti breytingartillöguna.
- 6. Önnur mál.** Rætt var um að hafa fastan fundartíma hjá foreldrafélaginu. Formaður ræddi um að í ár fagnaði foreldrarfélagið 40 ára afmæli og rætt var um að halda hátíð. Rætt var um fyrirlestra en foreldrafélagið hefur ávallt verið öflugt í að halda fyrirlestra. Rætt um að fá ákveðna fyrirlestra s.s. um samfélagsmiðla árlega. Bryndís ræddi um að foreldri í skólanum vill styðja og er að safna styrkjum fyrir pýramíðaklifurgrind og foreldrafélagið vill taka þátt og styrkja það. Rætt var um símanotkun barna og hvernig væri hægt að kenna börnunum að nota símann á ábyrgan hátt. Rætt var um strætó og atburði sem hafa gerst í strætó og hvernig er hægt að kenna börnunum að haga sér í þeim aðstæðum. Rætt um að hafa samband við Reykjanesbæ og Strætó og senda þeim fyrirspurn. Rætt var um 88 húsið og að hægt væri að nota það fyrir viðbrúði bekkjarfulltrúa ókeypis. Rætt var um að hafa fund með bekkjartenglum og hlutverk þeirra og hvernig hægt væri að virkja fólk betur. Rætt var um að hafa jólaföndrið aftur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.02